



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun yfirlitssýningar  
á verkum  
Svavars Guðnasonar  
Listasafni Íslands  
31. október 2009**

Ágætu sýningargestir

Í Bessastaðastofu, herbergi sem kennt er við suðrið, er lítil mynd eftir Svavar, kallast þar á við önnur verk íslenskrar abstraktlistar; gjöf sem Margrét Danadrottning færði okkur Guðrúnu Katrínu á upphafsári forsetatíðar.

Myndina hafði hún fundið sjálf í gallerí í Árósum; fór fögrum orðum um sess Svavars í danskri listasögu, minnti á að hann var ekki aðeins einn hinna stóru á heimavelli Íslendinga heldur líka áhrifaríkur brautryðjandi á vettvangi norrænnar og evrópskrar málalistar. Það var ekki síður listakonan Margrét Þórhildur sem þannig mælti þó drottningin væri greinilega þakklát Svavari fyrir framlag hans á danskri grundu.

Kannski hefur okkur Íslendingum gengið erfiðlega að skilja til fulls hve merkur Svavar var, átta okkur á stærð hans og sérstöðu, horfast í augu við að líklega hefur enginn annar listamaður af hans kynslóð átt jafn ríka hlutdeild í listasögu annarra þjóða um leið og hann varðveitti íslenskar rætur og ræktaði garðinn hér heima.

Sýningin sem við opnum í dag er því fagnaðarefni, kærkomið tækifæri til að skoða Svavar að nýju; nú í ljósi þeirrar gerjunar og alþjóðlegra umsvifa sem einkennt hafa íslenska myndlist að undanfögnu.

Margir listamenn þeirrar kynslóðar sem enn er að verki eru á okkar tímum virtir víða, verk þeirra eftirsótt af erlendum aðdáendum og iðulega koma hingað safnarar og sýningarstjórar að leita fanga í íslenski listasmiðju.

Þegar Svavar kom heim frá Kaupmannahöfn, alkominn til Íslands, var hins vegar öldin önnur og svipmót menningarlífsins fátæklegra. Hann yfirgaf ólgandi vettvang þar sem evrópskir straumar sköpuðu jafnan titring í lofti og hélt heim í kyrrlátt andrúmsloft þar sem list hans var mörgum framandi og á stundum fordæmd, umræðan löngum lituð af flokkadráttum í köldu stríði.

Það þurfti ríkulegt innra öryggi, listrænt sjálfstraust til að sækja fram við slíkar kringumstæður, halda áfram að vaxa að myndrænum krafti. En það gerði Svavar og hér getur að líta mörg hans bestu verka; verk sem sóttu hughrif í náttúruna en voru samt á heillandi hátt einkar sjálfstæð, túlkuðu litasinfóníu Íslands á ferskan hátt, blönduðu gulu, grænu og bláu í listræna ólgu.

Var þetta Ísland í nýjum klæðum lita og forms – eða hugarheimur Svavars sjálfs; leikur eða djúpstæð túlkun; boðskapur eða bara galdur?

Við spyrjum enn og fáum hér frjóan vettvang fyrir leit að svörum. En kannski verður Svavar aldrei skilinn til hlítar, mun áfram verða ráðgáta og undrunarefni; heimsmaður en á vissan hátt eins og íslenskur bóndi, ætíð með Hornafjörðinn í farteskinu; langförull listamaður sem kom samt aftur heim í garðinn sinn.

Ég þakka Listasafni Íslands fyrir að heiðra Svavar á þennan hátt og veita okkur um leið tækifæri til að skoða að nýju merkan kafla í menningarsögu Íslendinga.

Með þeim orðum opna ég sýninguna.